

sjá, að skipið, „Clementina“ kom hingað til Reykjavíkur sumarið 1925 að fyrirlagi eiganda þess og í þeim tilgangi að gagngerðar endurbætur færu fram á því. Var skipinu lagt upp og stóð aðgerðin síðan yfir í nokkra mánuði og nam kostnaðurinn við hana og breytingar þær, er á skipinu voru gerðar, um 150,000 krónum.

Hafði skipstjórinn eftirlit með viðgerðinni, ákvað í hverju einstöku tilfelli hvað gera skyldi og eins og fyr segir pantaði hann vörur frá stefnanda, sem stefnt er fyrir í máli þessu, og sem að mestu leyti gengu til viðgerðarinnar. Það er því ljóst að hjer var ekki um úttekt að ræða til framhalds sjerstakrar „ferðar“ í þeirri merkingu, sem átt er við í 53. gr. fyrnefndra siglingalaga, en þar sem sjá má af reikningi stefnds, að hjer var aðeins að ræða um úttekt á þessháttar vörum, sem skipstjóra að jafnaði er heimilt að taka út til viðhalds skipi sinu og framhalds ferðar, svo bindandi sje fyrir eigendur skipsins, og ekki er upplýst gegn mótmælum stefnanda að honum hafi verið kunnugt um að hjer væri um aðra meiri aðgerð að ræða en þá, sem skipstjóri samkvæmt stöðu sinni hefði rjett á að láta framkvæma, þá verður að álíta að hann hafi haft fulla ástæðu til þess að ætla, að hann öðlaðist sjóveðrjett í skipinu fyrir kröfu sinni.

Samkvæmt framansögðu verður sjórjetturinn að líta svo á, að öll skilyrði sjeu fyrir hendi fyrir því, að viðurkendum verði sjóveðrjettur stefnanda í upphöðsandrviði b/v. „Clementínu“ fyrir hinum umstefndu kröfum samkvæmt 4. tölulið 236. gr. og 53. gr. sbr. 239. gr. siglingarlaganna, og verður þá niðurstaða málsins hjer í rjettinum sú, að kröfur stefnanda verða teknar til greina að öllu leyti.

Miðvikudginn 22. júní 1927.

Nr. 6/1927. **Verslun Júl. Guðmundssonar á Fáskrúðsfirði og h.f. Hinar sam. ísl. verslanir s. st.** (Jón Ásbjörnsson)  
gegn

**Dorgils Ingvarssyni f. h. útbús Landsbankans á Eskifirði** (Enginn).

Viðvikjandi ábyrgð.

Dómur gestarjettar Suður-Múlasýslu 26. maí 1926: Stefndir, Niels Finnsson, Verslun Júlíusar Guðmunds-  
39\*

sonar á Fáskrúðsfirði og h/f. Hinar sameinuðu íslensku verslanir á Fáskrúðsfirði greiði stefnda útbúi Landsbankans á Eskifirði, einn fyrir alla og allir fyrir einn kr. 4500,00, með 6% ársvöxtum, frá 6. apríl 1924 til greiðsludags og í málskostnað kr. 331,50.

Dóminum að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

### **Dómur hæstarjettar.**

Mál þetta var höfðað í hjerði af forstjóra útbús Landsbankans á Eskifirði gegn Niels Finnssyni bónda á Hafranesi og áfrýjendunum til greiðslu sjálfskuldarábyrgðarláns, sem Niels Finnsson hafði tekið hjá útbúinu samkvæmt skuldabryði dags. 6. jan. 1922 og áfrýjendurnir voru taldir ábyrgðarmenn að samkv. ábyrgðarskjali dags. 12. des. 1921. Var málinu stefnt fyrir gestarjett á Eskifirði en hvorugur ábyrgðarmannanna mætti eða ljét mæta fyrir gestarjettinum og lauk málinu svo með dómi uppkveðnum 26 maí f. á. að skuldarinn Niels Finnsson og áfrýjendurnir voru dæmdir til þess in solidum að greiða útbúinu 4500 kr. með 6% ársvöxtum frá 6. apríl 1924 til greiðsludags og 331 kr. 50 aur. í málskostnað.

Þessum dómi hafa áfrýjendurnir skotið til hæstarjettar með stefnu útgefinni 15. jan. þ. á., að fengnu áfrýjunarleyfi dags. 6. s. m., og eru kröfur þeirra þær, að hinn áfrýjaði dómur verði feldur úr gildi og málinu vísað frá undirrjettinum.

Stefndi hefir ekki mætt eða látið mæta í málinu og hefir það því verið flutt skriflega samkvæmt 38. gr. hæstarjettarlaganna.

Í ábyrgðarskjali því, er að framan greinir, hafa áfrýjendurnir skuldbundið sig til þess að mæta fyrir gestarjetti Reykjavíkur, ef til málssóknar kæmi út af láninu, en í þessu liggur ekki heimild til þess að stefna þeim fyrir gestarjett á Eskifirði, og með því

að það sjest ekki af málsskjölunum að öðru leyti, að þeim hafi verið skylt að mæta í máli þessu fyrir gestarjetti á Eskifirði, sem er utan heimilispínghár þeirra, þá verður samkvæmt kröfu þeirra að ómerkja hinn áfrýjaða dóm að því er til þeirra tekur og vísa málinu að þessu leyti frá undirrettinum.

Eftir þessum úrslitum verður stefndi að greiða áfrýjendunum málskostnað fyrir hæstarjetti er ákveðst 150 kr.

#### Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur að því er hann tekur til áfrýjendanna, Verslunar Júlíusar Guðmundssonar á Fáskrúðsfirði og hlutfelagsins Hinar sameinuðu íslensku verslanir á Fáskrúðsfirði, og vísast málinu að þessu leyti frá undirrettinum.

Stefndi, Þorgils Ingvarsson f. h. útbús Landsbankans á Eskifirði, greiði áfrýjendunum 150 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta hefir stefnandinn; útbú Landsbankans á Eskifirði höfðað fyrir gestarjetti Suður-Múlasýslu gegn stefndum Nielsi Finnssyni bónda á Hafranesi, Verslun Júlíusar Guðmundssonar á, Fáskrúðsfirði og h/f. Hinar sameinuðu íslensku verslanir s. st. til greiðslu eftirstöðvum af sjálfsskuldarábyrgðarláni kr. 4500,00, sem stefndur Niels Finnsson hefir tekið hjá tjeðu útbúi, samkvæmt skuldabreyti útg. 6. jan. 1922, upphaflega 5000 kr. en ábyrgð á skilvísri greiðslu lánsins, ásamt vöxtum og kostnaði að skaðlausu, sem sjálfsskuldarábyrgðarmenn, hafa meðstefndir Verslun Júlíusar Guðmundssonar á Fáskrúðsfirði og h/f. Hinar sam. ísl. verslanir

s. st. tekið með sjerstöku sjálfsskuldarábyrgðarskjali útg. 12. desbr. 1921.

Hefir stefnandi gert þær kröfur að stefndir verði dæmdir til þess in solidum að greiða sjer hina umstefndu upphæð kr. 4500,00, með 6% ársvöxtum, frá 6. apríl 1924, til þess er greitt verður og málskostnað að skaðlausn.

Stefndir hafa hvorki mætt nje látið mæta í málinu og er þeim þó löglega stefnt. Verður því samkv. N. L. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr. sbr. tilsk, 15. ágúst 1832, 8. gr. að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum og með því að stefnandi hefir lagt fram í málinu greint skuldabryf og sjálfsskuldarábyrgðarskjal, sem eru að öllu leyti samhljóða dómkröfum hans, verður að taka þær til greina, að öllu leyti og ákveðst málskostnaðurinn kr. 331,50, samkvæmt framlögðum, sundurliðuðum reikningi, sem er í samræmi við aukatekjulögin og lágmarks-gjaldekrá málfærslumannafjel. Íslands.

---

---

Miðvikudaginn 22. júní 1927.

Nr. 22/1927. **Oddur Gíslason bæjarfógeti á Ísafirði f. h. bæjarstjórnar Ísafjarðar-kaupstaðar** (Jón Ásbjörnsson)

gegn

**Þórði Jónssyni** (Enginn).

Útsvarsmál.

Úrskurður fógetarjettar Vestmannaeyja 16. okt. 1926: Hin umbeðna gjörð á ekki fram að fara.

### **Dómur hæstarjettar.**

Sumarið 1925 stundaði vjelbáturinn »Enok« frá Vestmannaeyjum síldveiðar frá Ísafirði og lagði aflann þar á land. Um haustið í septembermánuði lagði niðurjöfnunarnefnd Ísafjarðarkaupstaðar 300 kr. aukaútsvar á bátinn og hefir verið lagt fyrir hæstarjettvottorð formanns niðurjöfnunarnefndarinnar um að